

94. sveitarstjórnarfundur Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 fimmtudaginn 12. desember 2013 og hófst kl 12:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson, Reimar Sigurjónsson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð Sveitarstjórnar nr. 93.

Lögð fram til kynningar

2. Fjárhagsáætlun 2014, önnur umræða.

Ólafur kynnti þær breytingar sem gerðar hafa verið síðan á síðasta sveitarstjórnarfundum. Framlögð áætlun fyrir árið 2014 rædd. Í áætlun er reiknað með nýbyggingu á leikskóla í Langanesbyggð ásamt 25M í endurbætur á ári næstu þrjú árin.

Fjárhagsáætlun 2014

Helstu forsendur og rekstrarniðurstöður:

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2014 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar tæplega 240 milljónir kr. framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga tæplega 160 milljónir kr. og aðrar tekjur tæplega 304 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 703,5 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnanna þess verði 331,3 milljónir kr eða sem svarar 47 % af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 225,6 milljónir kr. Afskriftir eru áætlaðar 51,2 milljónir kr. Fjármagnsgjöld eru áætluð 47,8 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 146,6 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 47,6 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 117,5 milljónir kr. sem er 16,7% af heildartekjum.

Handbært fé í árslok er áætlað 59,6 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir því að staðin verði vörð um velferðakerfið og leitað verði allra leiða til að hagræða í rekstri.

Áætlunin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun 2015-2017 síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2015-2017 tekin til umræðu.

Áætlunin borin undir fundinn. Samþykkt samhljóða

Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði þann 9. janúar 2014.

Fleira ekki gert og fundargerð upplasin

Fundi slitið kl 13:00